

**Sameyki – stéttarfélag í almannapjónustu
annars vegar
og
Samtök atvinnulífsins vegna RARIK ohf
hins vegar gera með sér eftirfarandi**

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2019 til 1.nóvember 2022 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum, sjá nánar

Launatafla 1:	Gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2020.	(17.000 kr)
Launatafla 2:	Gildir frá 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.	(24.000 kr)
Launatafla 3:	Gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.	(24.000 kr)
Launatafla 4:	Gildir frá 1. janúar 2022 til 1. nóvember 2022.	(25.000 kr)

Ofangreind breyting er færð í launatöflur sem eru hluti samnings þessa.

3. gr.

Önnur laun er starfinu fylgja

Ný grein bætist við kafla 1 sem hljóðar svo:

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun fylgja hækkunum á launatöflu.

4. gr.

Persónuuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2019	105.900.-
Á árinu 2020	108.600.-
Á árinu 2021	111.300.-
Á árinu 2022	114.000.-

1.5.3 Við greinina bætist eftirfarandi:

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

5. gr.

Vinnutími

Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Sjá fylgiskjal 1 vegna breytts fyrirkomulags vinnutíma í dagvinnu

6. gr. Orlof

Grein 4.1 um lengd orlofs breytist og verður svohljóðandi :

- 4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 24 dagar miðað við fullt starf.
Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 2 daga fyrir fullt mánaðarstarf
- 4.1.2 Viðbótarorlof
Eftir 1 ár í starfi fær starfsmaður til viðbótar 3 orlofsdaga.
Eftir 3 ára starf bætast við aðrir 3 dagar.
- 4.1.3 Orlofsfé og orlofsuppbót
Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum.
Eftir 1 ár í starfi skal hann fá 11,59%.
Eftir 3 ár í starfi skal hann fá 13,04%.

- 1.6.1 Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2019	50.000.-	kr.
Á árinu 2020	51.000.-	kr.
Á árinu 2021	52.000.-	kr.
Á árinu 2022	53.000.-	kr.

- 1.6.2 Við greinina bætist:
Áunnin orlofsuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

7. grein

Breyting á gr. 8.8.1

Nýta má að hluta eða að öllu leyti framangreindan rétt vegna barna undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkráhúsvistar.

8. gr. Skil milli vinnu og einkalífs

Ný grein bætist við kafla 6 og hljóðar svo:

6.5 Skil milli vinnu og einkalífs

6.5.1 Gert er ráð fyrir því að starfsfólk geti sinnt reglubundnum störfum sínum innan hefðbundins vinnudags. Sé starfsmanni sem ekki er við vinnu á reglulegum vinnutíma, yfirvinnu eða bakvakt, gert að sinna þjónustu með fjarlausnum (rafrænt eða þess háttar) eða símhringingum í frítíma sínum, skal samið um þóknun vegna þess ónæðis sem af því hlýst. Tilgreina skal þóknun í ráðningarsamningi.

**9. gr.
Fræðslusetrið starfsmennt**

Ný grein bætist við 12.6

12.6.3 RARIK greiðir mánaðarlegt framlag til Fræðslusetursins Starfsmenntar er nemur 0,25% af heildarlaunum félagsmanna Sameykis.

**10. gr.
Lífeyrissjóður**

12.7 Lífeyrissjóður

Starfsmaður sem aðild á að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða öðrum sambærilegum sjóði greiðir 4% af launum lífeyrissjóðs og RARIK ohf. greiðir 11,5%.

Starfsmaður sem aðild á að A-deild LSR greiðir 4% af launum og RARIK ohf. greiðir mótframlag skv. reglugerð sjóðsins, nú 11,5%.

Um rétt þeirra starfsmanna sem voru í starfi við upphaf starfsemi RARIK ohf. 1. ágúst 2006 fer skv. lögum nr. 25/2006 um stofnun RARIK ohf.

12.8. Viðbótarlífeyrissparnaður.

Leggi starfsmaður a.m.k. 2% viðbótarframlag í séreignasjóð skal mótframlag RARIK ohf. vera 2%.

**11. gr.
Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur**

Kjarasamningur þessi hvílir á eftirfarandi forsendum. Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og kjarasamningar á almennum markaði dags 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjöllum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 13.00 þann 28. apríl 2020 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 22. apríl 2020

f.h. Sameykis – stéttarfélags
almannþjónustu, með fyrirvara um
samþykki félagsmanna

f.h. SA vegna RARIK ohf

Bókun 1

RARIK mun skoða sérstaklega stöðu þeirra starfsmanna sem verið hafa fjarverandi frá störfum um skemmri eða lengri tíma vegna veikinda eða slysa. Markmið skoðunar, sem hér um ræðir, er að kanna möguleika starfsmanna á að koma aftur til starfa svo fljótt sem auðið er og sinna þá annað hvort öðru starfi sem hæfir betur starfsgetu þeirra á því tímamarki eða sinna fyrra starfi en þó í lægra starfshlutfalli. Endurkoma starfsmanna í slíkum tilvikum skal byggja á mati trúnaðarlæknis RARIK hverju sinni þar sem einkum verður litið til heilsufars starfsmanna, hvort endurkomu verði við komið starfseminnar vegna og/eða vegna þarfa fyrirtækisins, tiltækileika verkefna, sjónarmiða sem varða öryggismál o.fl. Leitað verður eftir atvikum eftir samstarfi við VIRK og hlutaðeigandi sjúkrasjóði.

Bókun 2

Á gildistíma samningsins skal samstarfsnefnd aðila funda í apríl ár hvert og fara yfir launapróun næstliðins árs. Samstarfsnefnd skal fara yfir launapróun félagsmanna og RARIK skal leggja fram fullnægjandi upplýsingar um launapróun félagsmanna þess árs. Upplýsingar skulu vera ópersónugreinanlegar en greinanlegar á hvert stöðugildi þannig að launapróun innan stöðugildis sjáist.

Fylgiskjal I: Samkomulag um útfærslu vinnutíma

Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og RARIK með breyttum og betri vinnutíma. Markmið breytinganna væri að styðja við sterka og skilvirka vinnustaðamenningu, góða nýtingu vinnutíma, gæði þjónustu og tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika. Með þeim breytingum verður stuðlað að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldulífs og starfs.

Innan RARIK skal sérstök vinnutímanefnd taka til starfa. Hlutverk hennar er að útfæra tillögur að styttingu vinnuvikunnar í 36 virkar vinnustundir á viku. Mögulegt er að sama útfærsla henti ekki öllum sviðum/deildum innan fyrirtækisins. Skal þá nefndin koma með útfærðar tillögur er mæta þörfum og kröfum viðkomandi sviða/deilda. Ef starfsmenn eru með bundna viðveru skal lögð fram sérstök tillaga um skipulag vinnutíma þeirra.

Vinnutímanefnd skal skipuð allt að fimm fulltrúum, tveimur frá yfirstjórn og þremur frá þeim starfsmönnum sem eru félagsmenn í Sameyki – stéttarfélagi. Ef forsendur skapast þá má opna fyrir þann möguleika að félagsmenn í öðrum stéttarfélögum taki þátt í umbótastarfi nefndarinnar á forsendum 36 stunda vinnuviku. Skulu samningsaðilar fara yfir tillögur að slíku fyrirkomulagi og komast að samkomulagi um samsetningu nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir að tillögur nefndarinnar verði kynntar starfsmönnum fyrir 1. október 2020 og að nýtt fyrirkomulag vinnutíma taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Þegar niðurstaða um skipulag vinnutíma liggur fyrir skulu tillögur að nýju vinnutímaskipulagi borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá RARIK og hins vegar skal fá staðfestingu stjórnar RARIK.

Náist ekki samkomulag um breytt skipulag vinnutíma styttest vinnutími starfsfólks sem nemur 13 mínútum á dag eða 65 mínútum á viku. RARIK mun þá tilkynna starfsmönnum útfærslu vinnutímastyttingar eigi síðar en 1. desember 2020.

Þessi breyting á skipulagi vinnutíma á ekki að leiða til breytinga á launum félagsmanna Sameykis eða launakostnaði sviða/starfsstaða. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi sviða/starfsstaða raskist ekki og að þjónustan sé af sömu eða betri gæðum og áður.

Fylgiskjal : Launatöflur:

1.4.2019	17.000							
	1	2	3	4	5	6	7	8
101	301.596	308.711	316.005	323.481	331.142	338.996	347.046	355.296
102	308.711	316.005	323.481	331.142	338.996	347.046	355.296	363.755
103	316.005	323.481	331.142	338.996	347.046	355.296	363.755	372.423
104	323.481	331.142	338.996	347.046	355.296	363.755	372.423	381.308
105	331.142	338.996	347.046	355.296	363.755	372.423	381.308	390.416
106	338.996	347.046	355.296	363.755	372.423	381.308	390.416	399.751
107	347.046	355.296	363.755	372.423	381.308	390.416	399.751	409.320
108	355.296	363.755	372.423	381.308	390.416	399.751	409.320	419.128
109	363.755	372.423	381.308	390.416	399.751	409.320	419.128	429.181
110	372.423	381.308	390.416	399.751	409.320	419.128	429.181	439.486
111	381.308	390.416	399.751	409.320	419.128	429.181	439.486	450.048
112	390.416	399.751	409.320	419.128	429.181	439.486	450.048	460.874
113	399.751	409.320	419.128	429.181	439.486	450.048	460.874	471.972
114	409.320	419.128	429.181	439.486	450.048	460.874	471.972	483.346
115	419.128	429.181	439.486	450.048	460.874	471.972	483.346	495.003
116	429.181	439.486	450.048	460.874	471.972	483.346	495.003	506.955
117	439.486	450.048	460.874	471.972	483.346	495.003	506.955	519.203
118	450.048	460.874	471.972	483.346	495.003	506.955	519.203	531.758
119	460.874	471.972	483.346	495.003	506.955	519.203	531.758	544.627
120	471.972	483.346	495.003	506.955	519.203	531.758	544.627	557.817
121	483.346	495.003	506.955	519.206	531.758	544.627	557.817	571.338
122	495.003	506.955	519.206	531.758	544.627	557.817	571.338	585.196
123	506.955	519.206	531.758	544.627	557.817	571.338	585.196	599.401
124	519.206	531.758	544.627	557.817	571.338	585.196	599.401	613.961
125	531.758	544.627	557.817	571.338	585.196	599.401	613.961	628.885
126	544.627	557.817	571.338	585.196	599.401	613.961	628.885	644.182
127	557.817	571.338	585.196	599.401	613.961	628.885	644.182	659.862
128	571.338	585.196	599.401	613.961	628.885	644.182	659.862	675.934
129	585.196	599.401	613.961	628.885	644.182	659.862	675.934	692.407
130	599.401	613.961	628.885	644.182	659.862	675.934	692.407	709.293
131	613.961	628.885	644.182	659.862	675.934	692.407	709.293	726.599
132	628.885	644.182	659.862	675.934	692.407	709.293	726.599	744.340
133	644.182	659.862	675.934	692.407	709.293	726.599	744.340	762.523

1.4.2020	24.000							
	1	2	3	4	5	6	7	8
101	325.596	332.711	340.005	347.481	355.142	362.996	371.046	379.296
102	332.711	340.005	347.481	355.142	362.996	371.046	379.296	387.755
103	340.005	347.481	355.142	362.996	371.046	379.296	387.755	396.423
104	347.481	355.142	362.996	371.046	379.296	387.755	396.423	405.308
105	355.142	362.996	371.046	379.296	387.755	396.423	405.308	414.416
106	362.996	371.046	379.296	387.755	396.423	405.308	414.416	423.751
107	371.046	379.296	387.755	396.423	405.308	414.416	423.751	433.320
108	379.296	387.755	396.423	405.308	414.416	423.751	433.320	443.128
109	387.755	396.423	405.308	414.416	423.751	433.320	443.128	453.181
110	396.423	405.308	414.416	423.751	433.320	443.128	453.181	463.486
111	405.308	414.416	423.751	433.320	443.128	453.181	463.486	474.048
112	414.416	423.751	433.320	443.128	453.181	463.486	474.048	484.874
113	423.751	433.320	443.128	453.181	463.486	474.048	484.874	495.972
114	433.320	443.128	453.181	463.486	474.048	484.874	495.972	507.346
115	443.128	453.181	463.486	474.048	484.874	495.972	507.346	519.003
116	453.181	463.486	474.048	484.874	495.972	507.346	519.003	530.955
117	463.486	474.048	484.874	495.972	507.346	519.003	530.955	543.203
118	474.048	484.874	495.972	507.346	519.003	530.955	543.203	555.758
119	484.874	495.972	507.346	519.003	530.955	543.203	555.758	568.627
120	495.972	507.346	519.003	530.955	543.203	555.758	568.627	581.817
121	507.346	519.003	530.955	543.206	555.758	568.627	581.817	595.338
122	519.003	530.955	543.206	555.758	568.627	581.817	595.338	609.196
123	530.955	543.206	555.758	568.627	581.817	595.338	609.196	623.401
124	543.206	555.758	568.627	581.817	595.338	609.196	623.401	637.961
125	555.758	568.627	581.817	595.338	609.196	623.401	637.961	652.885
126	568.627	581.817	595.338	609.196	623.401	637.961	652.885	668.182
127	581.817	595.338	609.196	623.401	637.961	652.885	668.182	683.862
128	595.338	609.196	623.401	637.961	652.885	668.182	683.862	699.934
129	609.196	623.401	637.961	652.885	668.182	683.862	699.934	716.407
130	623.401	637.961	652.885	668.182	683.862	699.934	716.407	733.293
131	637.961	652.885	668.182	683.862	699.934	716.407	733.293	750.599
132	652.885	668.182	683.862	699.934	716.407	733.293	750.599	768.340
133	668.182	683.862	699.934	716.407	733.293	750.599	768.340	786.523

1.1.2021	24.000							
	1	2	3	4	5	6	7	8
101	349.596	356.711	364.005	371.481	379.142	386.996	395.046	403.296
102	356.711	364.005	371.481	379.142	386.996	395.046	403.296	411.755
103	364.005	371.481	379.142	386.996	395.046	403.296	411.755	420.423
104	371.481	379.142	386.996	395.046	403.296	411.755	420.423	429.308
105	379.142	386.996	395.046	403.296	411.755	420.423	429.308	438.416
106	386.996	395.046	403.296	411.755	420.423	429.308	438.416	447.751
107	395.046	403.296	411.755	420.423	429.308	438.416	447.751	457.320
108	403.296	411.755	420.423	429.308	438.416	447.751	457.320	467.128
109	411.755	420.423	429.308	438.416	447.751	457.320	467.128	477.181
110	420.423	429.308	438.416	447.751	457.320	467.128	477.181	487.486
111	429.308	438.416	447.751	457.320	467.128	477.181	487.486	498.048
112	438.416	447.751	457.320	467.128	477.181	487.486	498.048	508.874
113	447.751	457.320	467.128	477.181	487.486	498.048	508.874	519.972
114	457.320	467.128	477.181	487.486	498.048	508.874	519.972	531.346
115	467.128	477.181	487.486	498.048	508.874	519.972	531.346	543.003
116	477.181	487.486	498.048	508.874	519.972	531.346	543.003	554.955
117	487.486	498.048	508.874	519.972	531.346	543.003	554.955	567.203
118	498.048	508.874	519.972	531.346	543.003	554.955	567.203	579.758
119	508.874	519.972	531.346	543.003	554.955	567.203	579.758	592.627
120	519.972	531.346	543.003	554.955	567.203	579.758	592.627	605.817
121	531.346	543.003	554.955	567.206	579.758	592.627	605.817	619.338
122	543.003	554.955	567.206	579.758	592.627	605.817	619.338	633.196
123	554.955	567.206	579.758	592.627	605.817	619.338	633.196	647.401
124	567.206	579.758	592.627	605.817	619.338	633.196	647.401	661.961
125	579.758	592.627	605.817	619.338	633.196	647.401	661.961	676.885
126	592.627	605.817	619.338	633.196	647.401	661.961	676.885	692.182
127	605.817	619.338	633.196	647.401	661.961	676.885	692.182	707.862
128	619.338	633.196	647.401	661.961	676.885	692.182	707.862	723.934
129	633.196	647.401	661.961	676.885	692.182	707.862	723.934	740.407
130	647.401	661.961	676.885	692.182	707.862	723.934	740.407	757.293
131	661.961	676.885	692.182	707.862	723.934	740.407	757.293	774.599
132	676.885	692.182	707.862	723.934	740.407	757.293	774.599	792.340
133	692.182	707.862	723.934	740.407	757.293	774.599	792.340	810.523

1.1.2022	25.000							
	1	2	3	4	5	6	7	8
101	374.596	381.711	389.005	396.481	404.142	411.996	420.046	428.296
102	381.711	389.005	396.481	404.142	411.996	420.046	428.296	436.755
103	389.005	396.481	404.142	411.996	420.046	428.296	436.755	445.423
104	396.481	404.142	411.996	420.046	428.296	436.755	445.423	454.308
105	404.142	411.996	420.046	428.296	436.755	445.423	454.308	463.416
106	411.996	420.046	428.296	436.755	445.423	454.308	463.416	472.751
107	420.046	428.296	436.755	445.423	454.308	463.416	472.751	482.320
108	428.296	436.755	445.423	454.308	463.416	472.751	482.320	492.128
109	436.755	445.423	454.308	463.416	472.751	482.320	492.128	502.181
110	445.423	454.308	463.416	472.751	482.320	492.128	502.181	512.486
111	454.308	463.416	472.751	482.320	492.128	502.181	512.486	523.048
112	463.416	472.751	482.320	492.128	502.181	512.486	523.048	533.874
113	472.751	482.320	492.128	502.181	512.486	523.048	533.874	544.972
114	482.320	492.128	502.181	512.486	523.048	533.874	544.972	556.346
115	492.128	502.181	512.486	523.048	533.874	544.972	556.346	568.003
116	502.181	512.486	523.048	533.874	544.972	556.346	568.003	579.955
117	512.486	523.048	533.874	544.972	556.346	568.003	579.955	592.203
118	523.048	533.874	544.972	556.346	568.003	579.955	592.203	604.758
119	533.874	544.972	556.346	568.003	579.955	592.203	604.758	617.627
120	544.972	556.346	568.003	579.955	592.203	604.758	617.627	630.817
121	556.346	568.003	579.955	592.206	604.758	617.627	630.817	644.338
122	568.003	579.955	592.206	604.758	617.627	630.817	644.338	658.196
123	579.955	592.206	604.758	617.627	630.817	644.338	658.196	672.401
124	592.206	604.758	617.627	630.817	644.338	658.196	672.401	686.961
125	604.758	617.627	630.817	644.338	658.196	672.401	686.961	701.885
126	617.627	630.817	644.338	658.196	672.401	686.961	701.885	717.182
127	630.817	644.338	658.196	672.401	686.961	701.885	717.182	732.862
128	644.338	658.196	672.401	686.961	701.885	717.182	732.862	748.934
129	658.196	672.401	686.961	701.885	717.182	732.862	748.934	765.407
130	672.401	686.961	701.885	717.182	732.862	748.934	765.407	782.293
131	686.961	701.885	717.182	732.862	748.934	765.407	782.293	799.599
132	701.885	717.182	732.862	748.934	765.407	782.293	799.599	817.340
133	717.182	732.862	748.934	765.407	782.293	799.599	817.340	835.523